

2. gr.

Samgönguráðuneytið mun gefa út gerðir XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið í sértili.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í vegalögum nr. 6/1977 með síðari breytingum, sérstaklega 7. gr. laga nr. 62/1993, öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Samgönguráðuneytið, 30. desember 1993.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

**um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum
um Evrópska efnahagssvæðið vegna staðfesturéttar og réttar
sjálfstætt starfandi einstaklinga til starfsemi í ferðaþjónustu.**

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 44.- 45. tölulið VII. viðauka, skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af VII. viðauka, bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

Eftirtaldar tilskipanir EBE öðlast því gildi, sbr. 1. mgr.:

1. Tilskipun ráðsins nr. 68/367/EBE frá 15. október 1968 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu vegna starfsemi innan þjónustugeirans (ISIC úr yfirflokkum 85); 1. Veitingahús, kaffihús, ölstofur og aðrir veitingastaðir (ISIC yfirflokkur 852) 2. Hótel, gistiheimili, tjaldstæði og aðrir gististaðir (ISIC yfirflokkur 853)
2. Tilskipun ráðsins nr. 68/368/EBE frá 15. október 1968 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga í þjónustugeiranum (úr ISIC yfirflokkum 85); 1. Veitingahús, kaffihús, ölstofur og aðrir veitingastaðir (ISIC flokkur 852) 2. Hótel, gistiheimili, tjaldstæði, og aðrir gististaðir (ISIC 853)

Framangreindar tilskipanir eru birtar í sértili, samanber auglýsingu í C- deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

2. gr.

Samgönguráðuneytið mun gefa út í sértili. Þær gerðir samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er lúta að ferðamálum.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um veitinga- og gististaði nr. 67/1985 með síðari breytingum, sérstaklega 8. gr. laga nr. 62/1993, öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Samgönguráðuneytið, 31. desember 1993.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.